






Mál: Lyngháls 1 - (fsp) leyfi fyrir gámatjald

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 26. september 2023 þar sem sótt er um leyfi til að setja upp gámatjald á lóð nr.1 við Lynghálsi.



Skipulagsleg staða:

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er svæðið skilgreint sem atvinnusvæði AT2. Í gildi er heildardeiliskipulag „Hálsahverfi“ fyrir svæðið samþykkt 26.9.2000. Samþykkt var breyting fyrir lóðina árið 2020. Í gildandi skipulagi eru tveir byggingareitir og hámarks nýtingahlutfall er 1.1.



Umsögn/Niðurstaða

Tjaldhýsi sem nota skal í atvinnustarfsemi er undanþegin byggingarleyfi, það þarf að vera heimild fyrir því í deiliskipulagi og það tilkynnt til leyfisveitenda. Ef það skal tengja lagnir við tjaldhýsið þá þarf byggingaleyfi. Tjaldhýsið skal staðsetja innan byggingareits sem er afmarkaður á gildandi deiliskipulagi.

F.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Hrönn Valdimarsdóttir

